

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 12. apríl 2023
UST202303-359/A.B.
10.04.02

Efni: Vinnslutillaga – Breyting á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 – Afpreyningar – og ferðamannasvæði á Sauðárkróki - Tjaldsvæði Sæmundarhlíð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu á breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 fyrir afþreyingar – og ferðamannasvæði á Sauðárkróki, tjaldsvæði Sæmundarhlíð.

Í greinargerð kemur fram breytingin felur í sér stækkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis AF-402 úr 3,2 ha í 4,1 ha og byggingarheimildir fyrir þjónustuhús á svæðinu aukast úr 150 m² í 500 m². Opið svæði OP-404 upp með Sauða minnkar sem því nemur. Auk þess kemur fram að á opnu svæði OP-404 upp með Sauða, sem er í grennd við skólasvæðið hefur verið horft til aukinnar útikennslu og því mun breytingin fela í sér heimild undir slíka aðstöðu á opna svæðinu.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun bendir á að tillagan fellur mögulega undir lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum, en þar segir að varanleg tjaldsvæði og hjólhýsasvæði sem eru a.m.k. 10 ha og hjólhýsasvæði óháð stærð á verndarsvæðum, falla undir B flokk framkvæmda sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun vill benda á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins vistgerðir sem ber að vernda samkvæmt Bernarsamningum og er skipulagssvæðið því verndarsvæði skv. e. lið iii. liðar 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Umhverfisstofnun bendir framkvæmdaaðila á að hafa samband við Skipulagsstofnun til að fá úr því skorið hvort tillagan falli undir ofangreindan lið.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

